



Erindisbréf framkvæmda- og veitunefndar

1. Stjórnskipuleg staða:

Nefndin heyrir undir sveitarstjórn og starfar í hennar umboði. Verksvið nefndarinnar eru skipulag, áætlanagerð og umsjón verklegra framkvæmda á vegum Flóahrepps.

2. Skipun nefndar:

Í framkvæmda- og veitunefnd eiga sæti þrír fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Á sama hátt eru kjörnir þrír fulltrúar til vara. Sveitarstjórn kýs formann nefndarinnar en á fyrsta fundi sínum kýs nefndin varaformann.

Sveitarstjóri starfar með nefndinni og er ritari hennar. Umsjónarmaður fasteigna situr fundi nefndarinnar þegar þurfa þykir. Einnig eiga sveitarstjórnarfulltrúar rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

3. Hlutverk framkvæmda- og veitunefndar

Nefndin hefur faglega umsjón með verklegum framkvæmdum í sveitarfélaginu og gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi verkefni tengdum eignum sveitarfélagsins. Nefndin fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss og hefur vald til fullnaðarafgreiðslu mála er snúa beint að framkvæmdum í veitumálum sem rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir á sviði framkvæmda- og veitumála starfi innan laga, reglugerða og samþykktar hverju sinni.

Framkvæmda- og veitunefnd:

- a) annast stefnumótun um uppbyggingu og rekstur veitna í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.
- b) gerir áætlanir um öflun og dreifingu á köldu vatni og vinnur að framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar og gildandi lög á hverjum tíma.
- c) gerir áætlanir/tillögur um/að lagningu ljósleiðara í ný hverfi og að nýbyggingum í samráði við verkefnastjóra Flóaljóss.
- d) gerir, í samráði við sveitarstjóra og verkefnastjóra Flóaljóss, árlega tillögu um gjaldskrár vatnsveitu og Flóaljóss og leggur fyrir sveitarstjórn og óskar staðfestingar.
- e) semur, í samráði við sveitarstjóra, árlega drög að fjárhagsáætlun fyrir veitur, húseignir og opin svæði og leggur fyrir sveitarstjórn.
- f) gerir tillögu um ráðningu umsjónarmanns fasteigna, veitustjóra/verkefnisstjóra einstakra verkefna til sveitarstjórnar.
- g) gerir og yfirfer með sveitarstjóra samninga um vatnskaup og vatnssölu og leggur fyrir sveitarstjórn.
- h) ber ábyrgð á að haldið sé utan um innra eftirlit Vatnsveitu Flóahrepps.
- i) gerir drög að starfslýsingum fyrir verktaka/starfsmenn vatnsveitu og Flóaljóss og leggur fyrir sveitarstjórn (ráðningarsamninga).
- j) yfirfer samninga við verktaka, gerir tillögur að breytingum eða útboðum á einstökum verkum og leggur fyrir sveitarstjórn til frekari umfjöllunar og samþykktar.
- k) setur nánari reglur um einstök framkvæmdaatriði erindisbréfs þessa eftir því sem þörf gerist og leggur fyrir sveitarstjórn.
- l) vinnur framgang öllum þeim framkvæmdaverkefnum á vegum sveitarfélagsins sem sveitarstjórn felur henni og eða sveitarstjóri óskar aðstoðar við.



4. Starfshættir:

Framkvæmda- og veitunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma. Nefndin skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi sínum. Fundur skal þó falla niður sé umfjöllunarefni ekkert.

Nefndin skal halda gerðabók fyrir fundargerðir. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál sem tekin eru fyrir á fundinum. Að loknum fundi er fundargerð send á nefndarmenn til yfirlestrar og á næsta fundi nefndar skulu nefndarmenn kvitta undir útprentaða fundargerð. Einnig er heimilt að undirrita fundargerð á rafrænan hátt. Trúnaðarmál skal færa í sérstaka gerðarbók, trúnaðarmálabók. Heimilt er að færa fundargerð nefndarinnar beint á tölvu skv. gildandi reglum sem sveitarstjórn setur.

Formaður sér um að boða fundi, fundarboðun skal vera skrifleg og skal tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundirnir eru boðaðir með rafrænum hætti. Heimilt er að funda í fjarfundi.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar en varaformaður í forföllum hans.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla á jöfnu.

Formaður skal snúa sér til sveitarstjóra/sveitarstjórnar með eftirfylgni staðfestra samþykta nefndarinnar.

5. Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Flóahrepps.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma málum á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Flóahrepps í atkvæðagreiðslu um málefni nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir framkvæmda- og veitunefnd og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn.

6. Lög og reglugerðir:

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem um þjónustu veitna og gjaldskrár vegna þjónustunnar gilda, hverju sinni.